

NÁMSGREINAR OG ÁFANGAR

Öllum námsgreinum er skipt upp í áfanga. Hver námsáfangi er táknður með þremur bókstöfum og þremur tölustöfum, t.d. STÆ102. Bókstafirnir eru skammstöfun á heiti greinarinnar. Fyrsta tala segir til um það hvenær nemandi er heimilt að taka áfangann (ef fyrsta talan er 1 þá má nemandi taka áfanga í upphafi náms síns), annar tölustafur greinir hliðstæða áfanga hvern frá öðrum og þriðja tala gefur til kynna einingar sem í áfanganum felast. Áfangar eru auðkenndir með fjórða tölustaf og táknar hann vikulegan kennslustundafjölda.

Dæmi: STÆ1024. Hér táknar STÆ stærðfræði og fyrsti tölustafurinn (1) sýnir að um fyrsta áfanga (byrjunaráfanga) er að ræða. Annar tölustafur stendur fyrir tiltekið innihald áfangans (í STÆ102 er fjallað um algebru en til eru aðrir STÆ-áfangar sem hægt er að byrja á t.d. STÆ193) og þriðji tölustafurinn (2) táknar einingafjölda. Síðasti tölustafurinn (4) segir til um fjölda kennslustunda í viku.

EININGAR

Hver áfangi er metinn til eininga. Ein eining jafngildir venjulega tveimur kennslustundum á viku í eina önn, en það eru til undantekningar frá þessari reglu. Einingar mismunandi námsgreina eru jafngildar og notaðar sem mælikvarði á námið. Til þess að ljúka námi á mismunandi brautum þarf mismunandi fjölda eininga. Nemandi í fullu námi getur lokið 15-22 einingum á önn. Á bóknámsbrautum (t.d. náttúrufræðibraut) þurfa nemendur að ljúka 17,5 einingum á önn að meðaltali til þess að ljúka náminu á fjórum árum en á verknámsbrautum (t.d. í vélstjórnarnámi) þurfa nemendur að ljúka 20-22 einingum á önn að meðaltali til þess að ljúka náminu á þeim tíma sem til þess er ætlaður.